

11. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 311/1976 um hundahald í Hólmavíkurhreppi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau leyfi sem veitt hafa verið fyrir gildistöku þessarar samþykktar halda gildi sínu. Að öðru leyti gildir samþykktin um þau að fullu.

Umhverfisráðuneytið, 20. nóvember 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins til 1. nóvember sl. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

- Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, sumarhúsa og sumarhúsalóða, bújarða ásamt íbúðarhúsum og útihúsum á bújörðum og hlunninda, sbr. þó staflíði b og c hér á eftir, hækki um 1% og framreiknistuðull verði samkvæmt því 1,01.
- Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í þéttbýli í eftirtöldum sveitarfélögum hækki um 5%: Sandgerði, Gerðahreppi, Bessastaðahreppi, Akranesi, Ísafirði, Egilsstöðum, Hornafirði og Ölfushreppi og framreiknistuðull verði samkvæmt því 1,05.
- Matsverð lax- og silungsveiðihlunninda lækki um 5% og verði framreiknistuðull samkvæmt því 0,95.
- Matsverð atvinnuhúsnaðis og atvinnulóða lækki um 2% og verði framreiknistuðull samkvæmt því 0,98.

Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningum samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins um einstakar tegundir fasteigna.

Ofangreind breyting fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignaskrá þeirri er gildi tók 1. desember 1994 með síðari breytingum ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hefur verið samin ný fasteignaskrá, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskraðu. Hin nýja fasteignaskrá inniheldur einnig þær matsbreytingar sem Fasteignamat ríkisins eða yfirfasteignamatsnefnd hefur gert á einstökum eignum svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærnum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignaskráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. desember nk. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1995.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 604 18. nóvember 1994.

Fjármálaráðuneytið, 22. nóvember 1995.

Friðrik Sophusson.

Björn Hafsteinsson.

15. nóvember 1995

Nr. 597

REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 465/1995 um skráningu
og útgáfu markaðsleyfa sérlyfja.**

1. gr.

Fyrirsögn 11. kafla verður svohljóðandi:

11. Umsóknir um verð og markaðsleyfi.

2. gr.

29. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Umsóknir um verð.

Sækja skal um samþykki á verði lyfs til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

3. gr.

30. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Umsóknir um markaðsleyfi.

Umsækjandi um markaðsleyfi lyfs getur sent lyfjanefnd ríkisins umsókn þar um á sérstöku

eyðublaði, sbr. viðauka 6 með reglugerð þessari, að fengnu samþykki nefndarinnar á skráningu eða endurskráningu lyfsins, þ.m.t. viðurkenndri samantekt á eiginleikum lyfsins (SPC), áletrun umbúða, texta fylgiseðils og notkunarleiðbeininga, eftir því sem við á.

Með umsókn um markaðsleyfi lyfs skal fylgja:

1. Texti á íslensku um lyfið, í fullu samræmi við viðurkennda samantekt á eiginleikum lyfsins (SPC) og leiðbeiningar í viðauka 4 með reglugerð þessari, sem tilbúinn er til birtingar í sérlyfjaskrá. Æskilegt er að hann fylgi einnig á disklingi.
2. Staðfesting á samþykki heilbrigðisyfirvalda á verði lyfsins.

Meðmæli lyfjanefndar ríkisins með skráningu lyfs falla úr gildi hafi umsækjandi ekki sótt um markaðsleyfi lyfsins innan eins árs.

Erlendir aðilar er sækja um markaðsleyfi fyrir lyf verða að hafa umboðsmann hér á landi.

4. gr.

31. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Upplýsingar um sérlyf verða því aðeins birtar í sérlyfjaskrá og Lyfjaverðskrá II að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

1. Markaðsleyfi lyfsins sé fyrirbyggjandi.